



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2024
USK24080214

Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um framkvæmdir við Hlemm

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 4. september 2024 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 31. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 21. ágúst 2024.

Óskað er eftir greinargerð um framkvæmdir á og við Hlemm þar sem fram komi upplýsingar um kostnaðaráætlanir, útboð, áfangaskiptingu, áfallinn kostnað, áætlaðan heildarkostnað og verktíma. Hvenær hófst verkið, hvenær voru áætluð verklok við upphaf þess og hvenær eru áætluð verklok nú? Hafa breytingar verið gerðar á verkefninu eftir að það hófst? Ef slíkar breytingar hafa átt sér stað, hefur þá þurft að ráðast í ný útboð vegna þeirra?

Fyrirspurn var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 4. september 2024.


Greinargerð:

Hlemm-verkefnin mynda verkefnasafn með það markmið að endurskipuleggja Hlemmsvæðið sem miðborgartorg sem liggur við framtíðar hágæða almenningssamgöngur (Borgarlínu). Unnið er eftir verðlaunatillögum Mandaworks og DLD eftir að hugmyndaleit fór af stað árið 2017. Samhliða endurskipulagningu svæðisins eru veitulagnir endurnýjaðar eftir því sem við á og er verkefnasafnið því unnið í samstarfi við Veitur.

Árið 2021 var hönnun á fyrirhuguðu verkefnasafni boðin út en það má sjá fyrirhugaða framkvæmdaáfangana á mynd 1.



Reykjavík



Mynd 1 - Framkvæmdaáfangar fyrirhugaðir 2021

Við greiningu ráðgjafa breyttist þessi fyrirhugaða áfangaskipting en höfðu þar m.a. þættir eins og flækjustig á umferðaflæði á framkvæmdatíma (þ.m.t. vegna strætóvagna í kringum Mathöll) og ráðlögð verkröðun veitulagnaendurnýjunar áhrif.

Eftirfarandi breytingar urðu m.v. áfangaskiptinguna sem tilgreind er á mynd 1:

2022-2023

Áfangar 1 (Laugavegur) og 2A (Rauðarárstígur norður) voru boðnir út en verkmörk 2A voru stækkuð bæði til suðurs að Hverfisgötu og norðan við Bríetartún.

2023-2024

Áfangi 6 var framkvæmdur næst og endurnefndur áfangi 3 (Mjólnisholt), þar sem hann var með talsvert lægra flækjustig.

2023-2024

Til þess að geta haldið áfram með aðra áfanga þyrfti að flytja umferð strætisvagna frá Hlemmi. Í framhaldi af flókinni umferðagreiningu var komist að þeirri niðurstöðu að tvær nýjar endastöðvar þyrfti að búa til, eina við Háskóla Íslands á Hringbraut og aðra á Skúlagötu. Þetta eru lykilverkefni sem koma ekki fram á mynd 1.

Einnig var farið í endurgerð á gangstétt við nýju skrifstofubyggingu Skattsins í Bríetartúni sem hluta af þessu verkefnasafni en það er aukaverk.

2024

Umfang áfanga 5 (Snorrabraut) minnkaði talsvert en upphaflega stóð til að breyta götumyndinni í takt við framtíðaráform Borgarlínu. Vegna mótmæla viðbragðsaðila, þá sérstaklega Lögreglunnar, sem lagði áherslu á að Snorrabraut þyrfti að halda sér sem mikilvægt neyðarakrein, var hönnunartillögunni hafnað. Hins vegar voru tvær nýjar




stoppistöðvar hannaðar og framkvæmdar sitthvorum megin við Snorrabraut sem hluti nauðsynlegra aðgerða við brotthvarf Strætó frá Hlemm (árið 2024).

Áfangi 3 breyttist einnig í umfangi en það er sá áfangi sem er nú í framkvæmd (kallaður áfangi 4) og afmarkast við hluta Laugavegs og Rauðarárstígs, svæðið á milli 1 og 2A sem áður voru unnin.

Ástæða þessarar breytingar var m.a. nauðsynleg samræming við hönnun Borgarlinu á Hverfisgötu og viðráðanlegt umfang framkvæmda á þessu miðbæjarsvæði m.t.t. truflunar fyrir rekstraraðila og íbúa.

Eftirfarandi mynd sýnir í grænum lit það sem hefur verið framkvæmt og í gulum sem er í framkvæmd. Afmörkun annarra áfanga hefur ekki endanlega verið skilgreind en næst stendur til að framkvæma Hlemmtorg (austan við Rauðarárstíg).



Mynd 2 - Framkvæmdaáfangar lokið (grænt) og í vinnslu (gult) 2024

Í samræmi við umfjöllun að ofan er hér á eftir talin upp þau verkefni sem mynda verkefnasafnið:

- ▶ Hlemmur og nágrenni 1. áfangi: Laugavegur. Torg, yfirborðsfrágangur og lagnir, útboð 15570.
- ▶ Hlemmur og nágrenni 2. áfangi - Rauðarárstígur - Gatnagerð, yfirborðsfrágangur og lagnir, útboð 15539
- ▶ Hlemmur og nágrenni 3. áfangi: Mjöllnisholt - Gatnagerð, yfirborðsfrágangur og lagnir, útboð 15792
- ▶ Hlemmur og nágrenni 4. áfangi. Rauðarárstígur-Laugavegur – gatnagerð, yfirborðsfrágangur og lagnir, útboð nr. 15972.
- ▶ Meðal nauðsynlegra aukaverka:
 - Endastöðvar Strætó – Útboð 15962
 - Strætó við Snorrabraut – Útboð 16001
 - Snákurinn – Fjölnota stálvirki – Útboð 15645
 - Frágangur við Bríetartún



Við útboð hönnunar árið 2021 lá tímaáætlun framkvæmda ekki fyrir en var það hlutverk ráðgjafa að leggja fram áætlun sem yrði framkvæmanleg og tæki tillit til hagaðila á svæðinu.

Fyrsta heildstæða tímaáætlun var lögð fyrir og samþykkt sumarið 2022 en hún gerði ráð fyrir að framkvæmdum yrði lokið í lok árs 2025. Á mynd 2 sést hvaða áfangar eru eftir (blá- og fjólublámerktir) og eru ráðgjafar að leggja til drög að afmörkun næsta áfanga.

Heildarkostnaður vegna Hlemm verkefnasafnsins er gefinn upp í eftirfarandi töflu

Verkþáttur	Raunkostnaður	Uppreiknað
Undirbúningur og hönnun	233.257.066	269.455.600
Útboðsverk	665.863.823	696.164.165
Útboðsverk aukaverk	37.847.169	38.723.574
Önnur verk	52.855.849	55.791.982
Umsjón og eftirlit	71.548.170	75.303.686
Búnaður	8.401.316	8.632.524
Annað	39.047.900	50.709.192
	1.108.848.293	1.194.780.724

*Raunkostnaður á verðlagi hvers árs

**Uppreiknað m.v. byggingavísitölu

Skipting útboðsverka eftir framkvæmdaáföngum

Staða	Framkvæmdaáfangi	Raunkostnaður	Uppreiknað
Lokið	1. Áfangi	176.457.755	185.054.545
Lokið	2. Áfangi	207.352.928	220.506.846
Lokið	3. Áfangi	121.487.648	126.909.340
Í vinnslu	4. Áfangi	38.359.038	38.502.610
Lokið	AV 1 - Strætó við Snorrabraut	35.102.191	35.291.519
Lokið	AV 2 - Endastöð Strætó	63.035.992	64.706.477
Lokið	AV 3 - Frágangur við Bríetartún	24.068.271	25.192.828
		665.863.823	696.164.165

*Raunkostnaður á verðlagi hvers árs

**Uppreiknað m.v. byggingavísitölu

4. áfangi er í framkvæmd og er áætlaður heildarkostnaður vegna hans 500 m.kr.

Ekki liggur fyrir kostnaðaráætlun á þeim áföngum sem eftir eru en það eru Hlemmtorg, Rauðarárstígur suður, Þverholt og Stórholt.

*Umhverfis- og skipulagssvið
skrifstofa framkvæmda og viðhalds*



Reykjavík